

FUNDARBOÐ

273. fundur Sveitarstjórnar Borgarbyggðar verður haldinn í fundarsal að Digranesgötu 2, fimmtudaginn 15. janúar 2026 og hefst kl. 16:00

Dagskrá:

Almenn mál

1. 2102062 - Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri flytur skýrslu sveitarstjóra

2. 2510014 - Stjórnsýslukæra_sameiningakosningar_2025- Mál IRN25090129

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 730: "Framlagður úrskurður innviðaráðuneytisins dags. 12. desember 2025 um stjórnsýslukæru um lögmæti og framkvæmd íbúakosninga um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps, mál nr. IRN25090129.

Úrskurður framlagður en í úrskurðarorðum er hafnað kröfu kæranda, Péturs Davíðssonar, um að íbúakosningar um sameiningu Skorradalshrepps og Borgarbyggðar, sem fram fóru dagana 5.-20. september 2025, verði felldar úr gildi."

3. 2510013 - Stjórnsýslukæra_sameiningakosningar_2025- Mál nr. IRN25090119

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 730: "Framlagður úrskurður innviðaráðuneytisins dags. 12. desember 2025 um stjórnsýslukæru um lögmæti og framkvæmd íbúakosninga um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps, mál nr. IRN25090119.

Úrskurður framlagður en í úrskurðarorðum er hafnað kröfu kæranda, Péturs Davíðssonar og Óla Rúnars Ástþórssonar, um

að íbúakosningar um sameiningu Skorradalshrepps og Borgarbyggðar, sem fram fóru dagana 5.-20. september sl., verði felldar úr gildi."

4. 2212062 - Ugluklettur - Stækkun

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 730: Lagt fram minnisblað um viðbótar hönnunarkostnað vegna Leikskólans við Ugluklett en Ferill verkfræðistofa hefur sent tilboð í viðbótarhönnun á séruppráttum fyrir eldri húsnæðishluta.

Byggðarráð samþykkir að ganga að tilboði Ferils í gerð séruppráttanna við eldri hluta Uglukletts samhliða vinnu við nýbyggingu. Í því felst verulegt hagræði í vinnu við nýbyggingu og endurbætur leikskólans.

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs Borgarbyggðar nr. 731: Framlögð kostnaðaráætlun og drög að útboðsgögnum frá Nýhönnun og Ferli verkfræðistofu vegna nýbyggingar leikskólans Uglukletts. Til fundarins kemur Hlynur Ólafsson verkefnastjóri framkvæmda

á skipulags- og umhverfissviði.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að fullvinna útboðsgögnin og leggur til við sveitarstjórn að láta fara fram útboð á viðbyggingu leikskólans við Ugluklett á grundvelli þeirra.

Samþykkt samhljóða."

Samþykkt samhljóða."

5. 2503350 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 731: "Í samræmi við afgreiðslu 730. fundar byggðarráðs frá 18. desember s.l. er framlagður lánasamningur við Lánasjóð sveitarfélaga um lántöku Borgarbyggðar hjá sjóðnum að fjárhæð 600 m.kr. til átta ára til fjármögnunar á endurbyggingu húsnæðis Grunnskóla Borgarfjarðar á Kleppjárnsreykjum.

Byggðarráð Borgarbyggðar samþykkir hér með framlagðan lánasamning vegna lántöku hjá Lánasjóði sveitarfélaga að útgreiðslufjárhæð samtals kr. 600.000.000,- með fyrirvara um staðfestingu sveitarstjórnar. Í samræmi við afgreiðslu fundar byggðarráðs nr. 730 leggur byggðarráð til við sveitarstjórn að til tryggingar láninu (höfuðstólsfjárhæðinni, auk vaxta, dráttarvaxta og kostnaðar), standi tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, nánar tiltekið útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Er lánið tekið til að fjármagna endurbyggingu grunnskóla sveitarfélagsins á Kleppjárnsreykjum.

Í samræmi við afgreiðslu 730 fundar byggðarráð þá hefur Stefáni Brodda Guðjónssyni, sveitarstjóra, kt. 230771-4649, verið veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Borgarbyggðar að undirrita lánssamninga við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun lána. Afgreiðsla þessi verði lögð fram til staðfestingar á fundi sveitarstjórnar.

Samþykkt samhljóða."

6. 2512102 - Eigendanefnd Orkuveitunnar

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 730: "Lögð fram endurskoðuð drög að erindisbréfi eigendanefndar Orkuveitu Reykjavíkur. Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg tilnefni fjórar aðila í nefndina en Akraneskaupstaður og Borgarbyggð tvo hvort sveitarfélag.

Byggðarráð tilnefnir Sigurð Guðmundsson og Davíð Sigurðsson sem fulltrúa Borgarbyggðar í eigendanefnd Orkuveitunnar.

Samþykkt samhljóða."

7. 2512109 - Viðauki við fjárhagsáætlun Skorradalshrepps 2025

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr 730: "Viðauki við fjárhagsáætlun Skorradalshrepps 2026 lagður fram.

Byggðarráð staðfestir fyrir sitt leyti framlagðan viðauka.

Samþykkt samhljóða."

8. 2511065 - Fjárhagsáætlun Skorradalshrepps 2026

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 730: "Fjárhagsáætlun Skorradalshrepps 2026 ásamt fjárheimildum árána 2027-2029 lögð fram.

Byggðarráð staðfestir fyrir sitt leyti fjárhagsáætlun Skorradalshrepps 2026 ásamt fjárheimildum árána 2027-2029.

Samþykkt samhljóða."

9. 2601016 - Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatti

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 731: "Lögð fram tillaga að tekjumörkum vegna afsláttar af fasteignaskatti elli- og örorkulífeyrisþega á árinu 2026

Tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem eiga lögheimili í Borgarbyggð eiga rétt á afslætti af fasteignaskatti skv. reglum og ákvörðun sveitarstjórnar hvert ár, sbr. heimild í 5. gr. laga 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga. Hjá hjónum og sambýlisfólki ræður aldur þess er fyrir verður 67 ára. Afsláttur nær einungis til íbúðarhúsnæðis sem viðkomandi býr sjálfur í.

Afsláttur ræðst af tekjum undanfarandi árs. Afslátturinn er reiknaður til bráðabirgða við álagningu út frá öllum skattskyldum tekjum einstaklings eða hjóna/sambúðarfólks, þ.m.t. eigna- og fjármagnstekjum samkvæmt síðasta skattframtali, en þegar staðfest skattframtal liggur fyrir vegna tekna síðasta árs er afsláttur endurskoðaður og leiðréttur.

Tekjumörk eru ákveðin af byggðarráði Borgarbyggðar í desember á hverju ári og eru nú:

Fyrir einstaklinga, (tekjur á árinu 2025):

með tekjur allt að kr. 5.242.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 5.242.001 - 6.069.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 6.069.001 - 6.887.000 er veittur 50% afsláttur

Fyrir hjón (tekjur á árinu 2025):

með tekjur allt að kr. 8.668.000 er veittur 100% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 8.668.001 - 9.692.000 er veittur 75% afsláttur

með tekjur á bilinu kr. 9.692.001 - 10.830.000 er veittur 50% afsláttur

Byggðarráð samþykkir að fyrirkomulag afsláttar á fasteignskatt elli- og

örorkulífeyrisþega í Borgarbyggð verði með óbreyttum hætti en hækkun verði 3,5% frá fyrra ári.

Samþykkt samhljóða."

10. 2511022 - Beiðni um undirskriftasöfnun v. aðalskipulags

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 731: "Framlögð önnur tilkynning frá samtökunum Sól til framtíðar til sveitarstjórnar Borgarbyggðar um fyrirhugaða undirskriftasöfnun meðal íbúa Borgarbyggðar þar sem óskað verður almennrar atkvæðagreiðslu um þá ákvörðun sveitarstjórnar að samþykkja endurskoðað aðalskipulag Borgarbyggðar 2025-2037 11. desember 2025.

Byggðarráð telur erindið vera efnislega samhljóða erindi sem sveitarstjórn hafnaði á fundi 11. desember 2025. Samtökunum Sól til framtíðar var í því svari leiðbeint um málskotsleið til innviðaráðuneytisins. Byggðarráð telur ekki vera til staðar skilyrði til endurupptöku fyrri ákvörðunar sveitarstjórnar. Þótt erindið sé sett fram með nokkuð öðrum hætti en fyrra erindi samtakanna er hvorki um það að ræða að fyrri ákvörðun hafi byggst á ófullnægjandi eða röngum upplýsingum um málsatvik né hafi atvik breyst frá því að ákvörðun var tekin.

Byggðarráð vill af þessu tilefni árétta að aðalskipulag Borgarbyggðar 2025-2037 var unnið í víðtæku samráði við íbúa sveitarfélagsins, aðra haghafa og stofnanir. Í ferlinu bárust fjölmargar umsagnir og ábendingar og var öllum umsögnum svarað í samræmi við þá málsmæðferð sem kveðið er á um í skipulagslögum. Jafnframt áréttar byggðarráð að við meðferð fyrri erindis Sólar til framtíðar var kappkostað að gæta leiðbeiningarskyldu af hálfu sveitarfélagsins. Byggðarráð vísar á bug aðdróttunum í erindinu um að sveitarfélagið hafi veitt rangar leiðbeiningar eða haft tilburði til að afvegaleiða umræðu um málið.

Byggðarráð ítrekar það sem fram hefur komið í fyrri samskiptum aðila máls að íbúar geta farið fram á breytingar á samþykktu aðalskipulagi í samræmi við Skipulagslög nr. 123/2010. Á líftíma aðalskipulags eru iðulega teknar til afgreiðslu slíkar beiðnir.

Með framangreindum rökum leggur byggðarráð til að sveitarstjórn hafni erindi Sólar til framtíðar um um að safna undirskriftum í því skyni að fá aðalskipulag Borgarbyggðar 2025-2037 fellt úr gildi.

Samþykkt samhljóða."

11. 2510053 - Húsnæðisáætlun 2026

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 731: "Framlögð drög að húsnæðisáætlun Borgarbyggðar 2026.

Framlagt og sveitarstjóra falið að vinna áfram og leggja fram til fyrri umræðu í sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

12. 2511072 - Vatnsrennibraut við sundlaug í Borgarnesi

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 731: "Framlögð útboðsgögn frá Eflu vegna

endurnýjunar á rennibrautum við sundlaugina í Borgarnesi sbr. afgreiðslu 272. fundar byggðarráðs.

Byggðarráð samþykkir að vísa til sveitarstjórnar að óska eftir tilboðum í endurnýjun vatnsrennibrauta í sundlauginni Borgarnesi á grundvelli framlagðra gagna.

Samþykkt samhljóða."

13. 2401006 - Rammasamningar Borgarbyggðar

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 731: "Umræða um rammasamninga Ríkiskaupa sem eru að renna út og aðild og ávinning sveitarfélagsins. Þórunn Unnur Birgisdóttir verkefnastjóri á fjármála- og stjórnsýslusviði kemur til fundarins undir þessum dagskrárlið.

Lagður fram listi yfir þá rammasamninga sem Borgarbyggð er aðili að. Farið yfir þá tvo rammasamninga sem runnu út nú í lok síðasta árs og rædd staða opinna rammasamninga. Samþykkt að hætta þátttöku í rammasamningum um Microsoft-leyfi og eldsneyti fyrir skip og flugvélar.

Samþykkt samhljóða."

14. 2502140 - Húsnæði fyrir slökkvilið á Hvanneyri

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 731: "Framlagður uppfærður leigusamningur milli Melabrautar Byggingarfélags ehf. og Borgarbyggðar vegna leigu á húsnæði fyrir Slökkvilið Borgarbyggðar á Hvanneyri sbr. afgreiðslu byggðarráðs nr. 713. Breyting á samningi snýr eingöngu að skráningu matshluta en ekki öðrum efnisatriðum.

Byggðarráð felur sveitarstjóra að fullvinna samning í takti við umræðu á fundi og leggja fyrir sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða."

15. 2512221 - Undanþágur verkfallsheimilda 2026

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 731: "Lögð fram skrá yfir störf hjá Borgarbyggð sem sveitarfélagið telur að falli undir 5.-8. tl. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna.

Framlögð skrá yfir störf hjá Borgarbyggð sem undanþegin eru verkfallsheimild. Sveitarstjóra falið að leggja fyrir sveitarstjórn uppfærðan lista í samræmi við umræðu á fundi.

Samþykkt samhljóða."

16. 2512169 - Fundargerðir stjórnar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps

Afgreiðsla frá fundi byggðarráðs nr. 731: "

Framlögð fundargerð fyrsta fundar stjórnar til undirbúnings að stofnun sameinaðs

sveitarfélags Skorradalshrepps og Borgarbyggðar sem fram fór 19. des. 2025.

Framlagt."

17. 2601039 - Mál í samráðsgátt - breyting á kosningalögum nr. 112-2021

Afgreiðsla fundar byggðarráðs nr. 731: "Til umsagnar er í samráðsgátt stjórnvalda áform um lagasetningu um jöfnun atkvæðavægis með breytingu á kosningalögum nr. 112/2021. Vísað er til liðar 22 í aðgerðalista ríkisstjórnar Krístrúnar Frostadóttur að breyting á kosningalögum væri til að auka jafnræði í atkvæðavægi og þingsætadreifingu.

Byggðarráð Borgarbyggðar telur að áformuð lagasetning um jöfnun atkvæðavægis hafi þann tilgang að fjölga þingmönnum Höfuðborgarsvæðisins og Suðvesturhornsins og fækka þingmönnum landsbyggðarkjördæma. Frá upphafi hefur á Alþingi Íslendinga verið fylgt því sjónarmiði að fulltrúalýðræði byggi ekki aðeins á fjölda atkvæða að baki hverjum fulltrúa heldur einnig að íbúar um land allt eigi rödd á löggjafarsamkomunni. Á því sjónarmiði byggja einnig löggjafarsamkomur fjölda annarra lýðræðisríkja.

Á Íslandi býr fámenn þjóð í stóru landi. Landið hefur sérstöðu að því leyti hve þéttleiki byggðar á einu horni landsins er mikill m.v. aðra landshluta og þar hafa safnast saman stofnanir ríkisins.

Sitjandi ríkisstjórn kennir sig við verðmætasköpun. Ríkisstjórnin hefur í orði sýnt því skilning að verðmætasköpun þjóðarbúsins á að mestu leyti uppruna sinn utan þéttbýlasta svæðis landsins svo sem í ferðaþjónustu, matvæla- og orkuframleiðslu. Sú verðmætasköpun er forsenda lífskjara á Íslandi og skatttekna ríkissjóðs.

Framundan er mikið verk að tryggja áframhaldandi verðmætasköpun í sátt við nærsamfélög um land allt. Það skýtur því skökku við að sett sé í forgang að fækka röddum hinna dreifðu byggða á Alþingi Íslendinga.

Samþykkt samhljóða og sveitarstjóra falið að birta í Samráðsgátt."

18. 2601065 - Gjaldskrá vatnsveitu Hraunhrepps 2026

Gjaldskrá Vatnsveitu Hraunhrepps 2026 lögð fram.

19. 2512172 - Uppgjör ársins 2025 hjá Fjallskilanevnd Þverárreittar

Afgreiðsla fundar nr. 76 í fjallskilnefnd Þverárreittar: "Ákveðið var að hækka girðingagjald sem leggst á jarð- og fjáreigendur sem nemur afborgunum af lánum. Fjárhagsáætlun samþykkt."

Afgreiðsla fundar nr. 77 í fjallskilnefnd Þverárreittar: "Ákveðið að ganga frá uppgjöri og standa við ákvörðuð fjallskil ásamt kostnaði vegna girðinga. Sent til staðfestingar í sveitarstjórn."

Fundargerð

20. 2512014F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 730

20.1 2511064 - Umræða um stöðu leiðar 81

20.2 2510014 - Stjórnsýslukæra_sameiningakosningar_2025- Mál IRN25090129

- 20.3 2510013 - Stjórnsýslukæra_sameiningakosningar_2025- Mál nr. IRN25090119
- 20.4 2510327 - Brattagata - Gatnaframkvæmdir
- 20.5 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 20.6 2512091 - Siglingamerki í Borgarfirði og við innsiglingu að Borgarneshöfn
- 20.7 2412227 - Erindi til fjarskiptafyrirtækja um bætt samband í vestanverðri Borgarbyggð
- 20.8 2512079 - Framkvæmdir RARIK 2026 í Borgarbyggð
- 20.9 2512090 - Gatnagerðargjöld í Borgarbyggð - samanburður
- 20.10 2501058 - Skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni
- 20.11 2512053 - Samgönguáætlun 2026-2030
- 20.12 2401059 - Mælaborð um rekstur Borgarbyggðar
- 20.13 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks
- 20.14 2501012 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2025
- 20.15 2503350 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga 2025
- 20.16 2512102 - Eigendanefnd Orkuveitunnar
- 20.17 2511065 - Fjárhagsáætlun Skorradalshrepps 2026 - til kynningar
- 20.18 2512109 - Viðauki við fjárhagsáætlun Skorradalshrepps 2025

21. 2512026F - Byggðarráð Borgarbyggðar - 731

- 21.1 2405162 - Samskipti við Veitur vegna vatnsveitu á Varmalandi
- 21.2 2503350 - Lántaka hjá Lánasjóði sveitarfélaga 2025
- 21.3 2512184 - Breyting á 4. gr. fylgisk I við reglug nr. 12122015 um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga
- 21.4 2601016 - Tekjumörk vegna afsláttar af fasteignaskatti
- 21.5 2511022 - Beiðni um undirskriftasöfnun v. aðalskipulags
- 21.6 2510053 - Húsnæðisáætlun 2026
- 21.7 2212062 - Ugluklettur - Stækkun
- 21.8 2511072 - Vatnsrennibraut við sundlaug í Borgarnesi
- 21.9 2601008 - Nýbygging GBF á Kleppjárnsreykjum - afhending og verklok
- 21.10 2401006 - Rammasamningar Borgarbyggðar
- 21.11 2502140 - Húsnæði fyrir slökkvilið á Hvanneyri
- 21.12 2512221 - Undanþágur verkfallsheimilda 2026
- 21.13 2512169 - Fundargerðir stjórnar um sameiningu Borgarbyggðar og Skorradalshrepps
- 21.14 2501012 - Samband ísl. sveitarfélaga - fundargerðir 2025
- 21.15 2601039 - Mál í samráðsgátt - breyting á kosningalögum nr. 112-2021
- 21.16 1401005 - Reglur um fjárhagsaðstoð

22. 2512010F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 166

- 22.1 2501057 - Trúnaðarbók 2025
- 22.2 2303023 - Samræmd móttaka flóttafólks

- 22.3 2501058 - Skammtímadvöl fyrir fötluð börn og ungmenni
- 22.4 1810002 - Félagslegt leiguhúsnæði

- 23. 2601001F - Velferðarnefnd Borgarbyggðar - 167**
 - 23.1 2501057 - Trúnaðarbók 2025
 - 23.2 1401005 - Reglur um fjárhagsaðstoð

- 24. 2601002F - Skipulags- og byggingarnefnd Borgarbyggðar - 82**
 - 24.1 2512076 - Umsókn um deiliskipulag
 - 24.2 2511126 - Mýrar 134435 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
 - 24.3 2511269 - Háhóll-Hafðísalandur 200282 - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi
 - 24.4 2511018 - Hamar 135401 - umsókn um framkvæmdarleyfi - 135401
 - 24.5 2504020 - Syðstu-Fossar - umsókn um framkvæmdarleyfi - 133909
 - 24.6 2512019F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 67
 - 24.7 2512021F - Afgreiðslufundur skipulagsfulltrúa - 68
 - 24.8 2512013F - Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 254

- 25. 2512022F - Umhverfis- og landbúnaðarnefnd - 84**
 - 25.1 2512013 - Refa- og minkaveiði 2026
 - 25.2 2511311 - Umhverfismál - innkoma í Borgarnes
 - 25.3 2601004 - Umhverfis- og landbúnaðarmál desember 2025

- 26. 2512024F - Fjallskilanefnd Þverárréttar - 77**
 - 26.1 2512172 - Uppgjör ársins 2025 hjá Fjallskilanefnd Þverárréttar
 - 26.2 2512173 - Fundur í fjallskiladeild Þverárréttar

13.01.2026

Lilja Björg Ágústsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslu.